

Fundargerð stjórnarfundar 2012

Staður: Laugateig 16.

Tími: 08.02.2012, kl. 20.00

Viðstaddir:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)

Fulltrú Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)

Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)

Fulltrúi Keldudals: Guðrún Ólafsdóttir (GSO)

Formaður FLÁF: Kjartan Kárason (KJ)

Forföll boðuðu:

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar R. Sigurðsson

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson

VERKEFNI FUNDARINS VAR:

Verkefnalisti Fellsmerkur 2010

Sjá fylgiskjal.

- 1) Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
- 2) Áætlað er að fulltrúar SR muni fara á fund nýs landbúnaðarráðherra, Steingríms J. Sigfússonar til að ræða útgáfu stofnskjalana og möguleika á að SR kaupi Fellsmörkina.
- 3) Hjalti sagði frá ferð sem Björgvin Samúelsson og Helgi Gíslason fóru austur í Fellsmörk fyrr í mánuðinum þar sem þeir hittu Dofra Eysteinnsson forstjóra Suðurverks. Tilgangur ferðarinnar var að skoða möguleika á gerð varnargarðs og vegagerðar á vestursvæðinu. Í framhaldi ferðarinnar kom tilboð frá Dofra Eysteinessyni. Málið er í skoðun hjá SR.
- 4) Kannað verður við sveitastjórn Mýrdals hvort þeir geti tekið að sér að mála og lagfæra vegaskilti í Fellsmörkinni og slá grasið við rafmagnsgirðingar þar sem girðingin verður óvirk þegar grasið vex upp.

- 5) Valdimar lagði fram plöntulista. Sjá fylgiskjal.

Verkefnalistinn var þar með tæmdur.

Næsti fundur var ákveðin. 1.3. 2012

Fundi var slitið kl. 22.00